

Alþingi
Erindi nr. P 139/2165
komudagur 26.4.29/2

safnaráð

the museum
council
of iceland

suðurgötu 41
101 reykjavík
sími: 530 2216
fax: 530 2231

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is

Alþingi - nefndasvið
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2011
Tilvísun: 1104121alth - RH

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Safnaráð þakkar bréf menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Safnaráð fagnar þeim áhuga sem flutningsmenn tillögunnar sýna bátaarfi Íslendinga.

Ráðið telur mikilvægt að hugað verði að varðveislu skipaarfs Íslendinga, þar sem dýrmætar menningarsögulegar heimildir liggja undir skemmdum. Varðveislugildi frumheimilda, bátanna sjálfra, á þessu sviði er mikið en þær fela meðal annars í sér nákvæmar heimildir um ákveðið verklag og aðferðir. Markviss varðveisla þessara frumheimilda er afar tímabær, en fjárskortur og skortur á stefnu hefur valdið því að bátaarfur Íslendinga liggur undir skemmdum.

Safnaráð telur mikilvægt að fagleg forgangsröðun með árangursríka varðveislu frumheimilda að markmiði stýri ríkisfjármögnun á þessu sviði. Þá er mikilvægt að stutt verði við faglegt starf og uppbyggingu safna sem þegar eru starfandi á vegum ríkisins, en ýmis brýn og fjárfrek verkefni liggja fyrir þar.

Safnaráð leggur til að sem fyrsta skref verði ráðist í vandaða varðveislu frumheimilda, bátanna sjálfra og styður fyrri hugmyndir um stofnun skipafriðunarsjóðs í því samhengi (sbr. þingsályktunartillaga á 136. löggjafarþingi, 60. mál). Innan umræddra safna er að finna sérfræðipækkingu og aðstöðu sem nýst getur í þágu þess verkefnis.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. safnaráðs,


Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri